

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ingveldur Ýr Jónsdóttir  
mezzosópran

og

Jónas Ingimundarson  
píanóleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum  
*The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 10. september 1996 kl. 20:30

**Ingveldur Ýr Jónsdóttir** stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík og framhaldsnám við Tónlistarskólann í Vínarborg og Manhattan School of Music í New York. Kennarar hennar voru Guðmunda Elíasdóttir, Svanhvít Egilsdóttir og Cynthia Hoffmann. Einnig sótti hún námskeið hjá m.a. Charles Spencer, Martin Katz og Phyllis Curtin. Ingveldur Ýr hefur haldið fjölda ljóðatónleika, þar á meðal í Íslensku Óperunni, Gerðubergi, hér í Sigurjónssafni, einnig í Vínarborg, víða í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Í vetur sem leið var Ingveldur fastráðin við Óperuna í Lyon, þar sem hún söng m.a. hlutverk Dorabellu í *Così fan Tutte*, Orlovsky í *Leðurblökunni*, C moll Messu Mozarts og Carmen. Helstu hlutverk hennar á íslensku óperusviði eru Olga í *Évgení Ónegin* í Íslensku Óperunni, Fljóthildur og Valprúður í *Niflungahringnum* á Listahátíð í Reykjavík, og Preziosilla í óperu Verdis *Á valdi örlaganna*.

Síðastliðið sumar var Ingveldur Ýr gestur á Tónlistarhátíðinni í Tanglewood í Bandaríkjunum og söng þar m.a. í óperunni Peter Grimes eftir Britten undir stjórn hljómsveitarstjórans Seiji Ozawa.

**Jónas Ingimundarson** stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og framhaldsnám í Tónlistarskólanum í Vínarborg hjá prófessor Dr. Josef Dichler. Frá árinu 1970 hefur Jónas starfað sem píanóleikari, tónlistarkennari og kórstjóri. Hann hefur haldið fjölda tónleika á Íslandi og komið fram á öllum Norðurlöndum, í Sovétríkjunum og Kanada, sem píanóleikari ýmist einn eða með öðrum, einkum söngvurum, og á árum áður einnig sem kórstjóri. Jónas hefur oft leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í verkum eftir Bach, Mozart, Beethoven, Liszt, Grieg, Saint-Saëns og Brahms. Hann hefur margoft leikið í útvarpi og sjónvarpi og stjórnað tónlistarþáttum þar. Hann hefur komið fram á alþjóðlegum listahátíðum og leikið inn á hljómplötur.

Árið 1994 sæmði forseti Íslands Jónas riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir tónlistarstörf.

### *Efnisskrá*

Franz Schubert  
1797 - 1828

Ganymed  
Der König in Thule  
Seligkeit  
Du bist die Ruh  
Die Junge Nonne

Johannes Brahms  
1833 - 1897

„Stúlkuljóð“  
Das Mädchen spricht  
Mädchenlied I  
Mädchenlied II  
Mädchenlied III

Edvard Grieg  
1843 - 1907

Haugtussa op. 67  
Det syng  
Vesle möy  
Blåbær - Li  
Møte  
Elsk  
Killingdans  
Vond dag  
Ved Gætle-Bekken